

Alþingi
Erindi nr. P 135/309
komudagur 8.11.2007

Álit

á frv. til fjárlaga 2008 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar samgöngunefndar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málasviði nefndarinnar, í samræmi við ákvæði þingskapalaga.

Á fundum nefndarinnar með fulltrúum ráðuneytis og forstöðumönnum einstakra stofnana hefur komið fram að lagfæra þarf fjárframlög til Fjarskiptasjóðs, til hafnarmannvirkja og til reksturs Vegagerðarinnar, sbr. álit meiri hluta samgöngunefndar. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið.

Minni hlutinn fagnar þeirri aukningu sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir til samgöngumála almennt, en minnir jafnframt á að talsvert skortir á að þar sé mætt þeim niðurskurði sem áður hefur verið ákveðinn af ríkisstjórninni til samgönguframkvæmda. Þá vill minni hlutinn sérstaklega vekja athygli á að stórátak þarf að gera í uppbyggingu í grunnstoðum ferðaþjónustunnar um allt land.

Þá áskilur minni hlutinn sér allan rétt varðandi hugsanlegar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið og sömu sögu er að segja um einstök verkefni innan samgönguáætlunar þegar hún kemur til endurskoðunar og meðferðar í samgöngunefnd.

Að öðru leyti vísar minni hlutinn til nefndarálits sem minni hluti fjárlaganefndar mun leggja fram við afgreiðslu málsins úr þeirri nefnd.

Alþingi, 8. nóv. 2007.
Árni Þór Sigurðsson.